

## Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er kveðið á um sex grunnþætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þeir varða starfshætti skóla, inntak og umhverfi náms og er ætlað að vera leiðarljós og skapa samfellu í öllu skólastarfi.

### 1. Hvernig má tryggja að grunnþátturinn LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI komi fram og endurspeglis í?

- a) Inntaki námsgreina / námssviða og kennslufræði þeirra
- b) Starfsháttum skóla og menningu þeirra

Mikilvægt að flétta inn í allar námsgreinar, sérstaklega í lífsleikni, samfélagsfræði, kenna hugtök, hvað er lýðræði, er munur á því milli landa, réttindi og skyldur. Að virkja nemendur, virða sjónarmið, efla tjáningu. Virk þátttaka, efla krakkana í tjáningu.

Affarasælast að nota samræðu, rökræðuna. Þá þarf ekki að hræra í neinu. Tína út það sem skiptir máli. Stuðla að siðmennt. Sjálfbærni mikilvæg. Að lifa í sátt við náttúruna. Undirbúa og koma af stað rökræðu í sem flestum námsgreinum. Nota stuttmyndir, kvikmyndir til að koma af stað umræðu. Klípusögur, mikið til af þeim, líka búa þær til.

Hvernig á að koma lýðræðinu inn í skólastarfið. Heimanám og mannréttindi. Er verið að mismuna börnum varðandi heimanám, sum börn þurfa að læra heima en önnur ekki. Eiga foreldrar að ráða því? Busavígsla – er verið að ganga á mannréttindi með henni? Láta nemendur taka meiri þátt. Nemendur finni til ábyrgðar. Þau geti leyst sín mál sjálf. Á ábyrgð kennara og foreldra.

Að læra um lýðræði í lýðræði með lýðræði. Að nemandi finnist að hann geti haft áhrif. Rými fyrir umræður og virðing fyrir fjölbreytileika. Artið-- Klípusögur. Leggja áherslu á gagnrýna hugsun og skoðanaskipti. „Æðri“ eða „dýpri“ hugsun verður að vegna þyngra en er raunin í dag.

Skólar skuli marka skýra stefnu í mannréttindamálum, stjórnendur séu verkstjórar fremur en einræðisherrar.

Grunngildi skýr. Nota skólaping, nemendaráð, allir vinni saman að því að móta skólann. Virðing fyrir gömlum og nýjum gildum, t.d. glímunni. Mannréttindi að læra um siði, nýja sem gamla. Að læra að vera ósammála og komast að niðurstöðu án þess að þeir liggi sárir eftir, sætti sig við niðurstöðuna.

Skólinn réttlætisstaður, tilraun Kholbergs. Skólar innan skólanna. Réttlætissamfélög. Unnið með grunngildin. Val um námsleiðir mikilvægt.

Skólalæping ættu að vera reglulega. Þar ættu að koma saman nemendur, foreldrar, kennarar, starfsfólk og leggja línur. Auka vægi sáttmála eða samkomulags um ýmsa hluti skólastarfs.

## **2 Hvað þarf til þess að öflug menntun í lýðræði og mannréttindum eigi sér stað? (Reynsla, hugmyndir og leiðir)**

Samtal. Þarf opinn og umburðarlyndan skóla, forðast dómhörku. Finna sameiginlegan skilning á lýðræði og mannréttindum. Það þarf líka markvissa vinnu í skólunum um hvernig á að fara í þessa kennslu/nám.

Kennarar þurfa að horfa á sjálfa sig. Eru þeir lýðræðislegir í kennslu. Hver og einn þarf að fá að læra á sinn hátt.

Skólinn þarf að vera opinn og umburðarlyndur. Allir að hafa atkvæðisrétt. Skoðanir allra virtar. Á ábrigð nemenda líka að hafa skoðanir. Hvað myndi gerast ef nemendur réðu öllu. Þarf að hafa einhvern ramma. Verkefnaskil. Bekkjareglur. Kennsluáætlanir ákveðnar fyrirfram eða mögulega í samráði við nemendur. Nemendum finnst betra ef þau skynja að þau hafi eitthvað um námið að segja.

Skýran ramma í lögum.

Það þarf framúrskarandi kennara sem hafa brennandi áhuga á efninu og láta ekkert mannlegt sig óviðkomandi.

Það þarf vilja, þekkingu, fræða kennara um hugtökin, gefa tíma í umræðuna. Nota bekkjarfundi. Nota lífsleikni, heimspeki, samfélagsgreinar, samþættingu milli námsgreina, skoða úrslit kosninga í stærðfræði, íslensku. Nota spil til lýðræðismenntunar, t.d. Lýðræðisspil FSu. Kenna lýðræði í leik og starfi.

Byrja snemma að fræða nemendur um ábyrgð, lýðræði, fjölmenningu, fjölbreytileika.

Nota samvinnunám, hópavinnu.

**3 Hugmyndir um aðferðir til að auka menntun í lýðræði og mannréttindum þvert á námsgreinar/námssvið?**

Brjóta niður múra milli námsgreina/námssviða.

Auka nemendalýðræði. Leggja áherslu á eigin ábyrgð nemenda, samábyrgð/samkennd.

Auka sjálfstæð vinnubrögð.

Samskipti til lausnaleyta.

Gera kröfur og vera víðsýnn( ekki síst kennarar).

Auka námsframboð í lýðræðislegum vinnubrögðum, þátttöku í þjóðfélagsmálum.

Fundarritari Helgi Hermannsson.

#### 4 Annað sem skiptir máli

Samvinna kennara við innleiðingu.

Tími í undirbúning

Skipulag

Verkátun, markmið, leiðir.

Kennsluátun getur haft hamlandi áhrif á lýðræði, gera þær opnari.

Er námsefnið val?

Leikskólakennarar í hópnum telja sig hafa meira frelsi um násefni en grunnskólakennarar og síðan aukið frelsi hjá framhaldsskólakennurum.